

sje heimilt að reikna með tímann, sem gengur til ferðalags til framkvæmdar gjörðinni.

59
20. júní

Um 2. Skoðunar- og virðingarmönnum bera, eins og þjer hafð tekið fram, auk borgunar fyrir skoðunar- eða virðingargjörð samkvæmt 8. gr. nefndra laga og 6. gr. laga nr. 33, 13. des. 1895, ennfremur milupeningar, 50 a. fyrir hverja milu á landi og hálfu milu á sjó, talið fyrir hvorn um sig frá bústað hans til þess staðar, þar er virðingar- eða skoðunargjörðin fer fram, þó ekki yfir 2 kr. fyrir hvorn, og auk þess 3 kr. hvorum á dag í fæðispeninga, ef þeir þurfa að vera í burtu frá heimilum sínum við virðingar- eða skoðunargjörðina *vegna fjarlægðar* meira en 10 klukkustundir. Milupeningana virðist eiga að telja þannig, sem þjer hafð tekið fram og áður er sagt.

Um 3. Sjá svarið upp á 1. fyrirspurnina.

Um 4. Um ritaragjaldið er jeg yður samdóma, að það verði að eins heimtað, ef um virðing eða skoðun á fasteign er að ræða, en hvorki við úttektir eða við virðing á lausafje.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 60
leyfi handa Sandaprestakalli. Með brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafð þjer, 26. júní herra amtmaður, og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá síra Kristni Danielssyni að Söndum, þar sem hann beiðist samþykkis míns til þess að fá þannig lagada breyting á lántökuleyfi því upp á prestakallið — til hlöðubyggingar —, sem veitt var með brjefi mínu 26. jan. þ. á., að lánið megi ávaxtast með 5% í stað þess með 4%, og hafð þjer veitt erindi þessu meðmæli yðar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að jeg hjermeð veiti hið umbeðna samþykki.

Reglugjörð

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl.

61
14. júní

Amtmaðurinn yfir Norðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, að amtsráðið í Norðuramtinu hefir á fundi sínum 5.—11. júní þ. á. staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRD

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl., sem samín er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1901.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Skagafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, er skiptist í deildir, eptir því sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila. Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver í sínum hreppi. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje í öllu eptir ákvæðum hennar.

II. kafli.

Um afrjetti og notkun þeirra.

3. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu verið hafa. Svo getur og sýslunefnd ákveðið nýja afrjetti, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

4. gr.

Enginn má hafa afrjett til sjerstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo sem til slægna eða beitar fyrir búsmala. Eigi má ónáða fjenað á afrjettum, nje taka þaðan fje eða hross fyrir fjallgöngur á haustum, nema hreppsnefnd leyfi. Allur heimrekstur afrjettarfjenaðar á einstaka bæi gangnadagana er stranglega bannaður. Enginn má sleppa fje sínu á afrjett eptir fyrstu göngur, nema hreppsnefnd leyfi.

III. kafli.

Um smölun heimalanda á vorum.

5. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eptir því sem hreppsnefnd ákveður.

6. gr.

Hreppsnefnd skal skipa fyrir um smölun geldfjár til rúnings á vorum, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afrjettum. Hið sama gildir um smölun til fráferna.

7. gr.

Nú finnst fje, er sloppið hefir úr löndum eiganda, eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær,

er þá finnandi skyldur, ef honum er unnt, að hirða og rýja geldfje, og sömuleið- **61**
 is ær, þegar tími er til kominn, og einnig að marka ómörkuð lömb. Skal hann **14. júní**
 gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á
 hverri kind, sem hann rýr eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun,
 er eigi yfirstígi: fyrir að rýja kind 20 aura og fyrir að marka lamb 10 aura.

IV. kaffi.

Um rekstur til afrjetta.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að stóðhross og geldfje, þegar það er komið
 úr ull, sje rekið til afrjettar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur at-
 vik leyfa. Áður en lömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima eigi skemur en
 3 sólarhringa eptir fráferur. Reka skal á miðjan afrjett, nema hreppsnefnd hafi
 öðruvísi ákveðið. Sjeu víðlend heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þang-
 að, sem búsmali sízt gengur og með leyfi landeiganda.

9. gr.

Engiun má hafa ótamin stóðhross nje geldfje í heimahögum að sumrinu,
 nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi, enda ábyrgist eigandi, að stóðið geri eng-
 um skaða. Nú eru stóðhross eigi rekin til afrjettar eptir skipun hreppsnefndar,
 og má hún þá láta reka þau á kostnað eiganda, ef hann er í sama upprekstrar-
 fjelagi. Sjeu stóðhross í óskilum í heimahögum, má taka þau í gæzlu og gjöra
 eigendunum aðvart innan 2 sólarhringa, um að útleysa þau móti gæzlukaupi, er
 eigi yfirstígi 10 aura fyrir hvert hross um sólarhring, auk ómakslauna fyrir til-
 kynninguna, sem borgist um leið og hrossanna er vitjað. Vitji eigendur ekki
 hrossa sinna innan 3 sólarhringa frá því, að þeir hafa fengið tilkynninguna,
 skal fara með þau sem óskilahross í rjettum á haustin.

10. gr.

Ef stóðhross eða sauðfje gengur úr afretti á sumrum í búfjárhaga, getur
 sá, er fyrir verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar
 hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afrjettar, ef henni virðist ástæða til.
 Kostnað við smölun og rekstur borgar landráðandi að hálfu, en helmingur
 kostnaðarins greiðist úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði, nema öðru vísi sje um
 um samið.

11. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað sinn, sem á afrjett á að fara, í
 annara land til beitar um sumar, hvort heldur er heimaland eða afrjettarland,
 skal greiða hagatoll til landeiganda, 3 krónur fyrir hvert hross og 10 aura fyr-
 ir hverja sauðkind, sæti ella málsókn til skaðabóta.

V. kafi.

Um fjallskil.

12. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort sem hann er búandi eða búlaus. Skal hann leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd fyrirskipar.

13. gr.

Skyldur er hver maður að gera full fjallskil á þeim afrjetti, þar sem honum ber upprekstur, þó hann noti annan afrjett eða heimaland, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir veiti undanþágu, er gildi eitt ár í senn. Nú notar einhver með leyfi landeiganda annan afrjett en honum ber upprekstur á, og er honum skylt, að gera þar full fjallskil að tiltölu við fjárfjölda, ef hann hefir fengið undanþágu frá fjallskilum á þeim afrjetti, þar sem honum ber upprekstur, en að öðrum kosti skal hann gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfjelagi. Noti einhver annara land til uppreksturs heimildarlaust, ber honum að gera þar full fjallskil, þótt hann fái enga undanþágu, þar sem honum ber upprekstur. Hver sem notar land utan upprekstrarfjelags sins, skal tilkynna það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri.

14. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeir eru búsettir í, og skal þá hreppsnefndin, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign slíkra manna eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrjett, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer í 16. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Til þess fundar kveður oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram fjártal fjallskilaskyldra manna í hreppnum að vorinu, staðfest af hreppstjóra og fer eptir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar. Meta skal til dagsverka eða peningaverðs göngur hvers gangnaflökks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því eða oddviti hennar til bráðabirgða.

16. gr.

Fjallgöngur skulu vera tvennar að minnsta kosti hvert haust. Jafnframt afrjettum skal í fyrri göngum smala til rjettar afskekkt og víðlend heimalönd, er afrjettarfjenaðnr gengur í að jafnaði. Leiki grunur á, að fje hafi orðið eptir á afrjettum, hafa hreppsnefndir vald til að skipa þriðju göngur að viku líðinni. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eptirleitir á afrjettum og víðendum heimalöndum, og skulu þær koma sjer saman um það við síðustu rjett eða á hausthreppaskilum. Jafnframt skal hreppsnefnd auglýsa, hvort hún fyrir-

skipi eptirlit á því hausti. Að því leyti sem kostnaði við þriðju göngur og eptirleitir að tilhlutun hreppsnefnda er ekki jafnað niður með öðrum gangnaskilum, **61** 14. janí. greiðist kostnaðurinn úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði.

17. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fjáreigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurrjöfnunina skal bera upp brjeflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar, áður en fjallskilum er lokið, og fer um þær eptir því, sem fyrir er mælt um útsvarskærur í 1. gr. laga 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun 4. maí 1872.

18. gr.

Við niðurrjöfnun fjallskilakostnaðar er rjett að ætla nokkuð fyrir óvissum útgjöldum, og leggst það fje í sjerstakan sjóð, er nefnist fjallskilasjóður. Um reikningsskil fjallskilasjóðs gilda sömu reglur og um sveitarsjóðsreikninga samkvæmt 20. gr. tilskipunar 4. maí 1872.

19. gr.

Hreppsnefndin eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Skal þar nákvæmlega tekið fram, hvað hverjum þeirra ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau eptir mati hreppsnefndar. Þar að auki varðar það sektum, er hækka, ef brotið er ítrekað.

Ekkert má fyrirskipa í gagnaboðinu, er komið geti í bága við fulltryggjandi fjárskil eða ákveðin rjettahöld innan sýslu.

20. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skipar duglega gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk, einn eða fleiri, eptir því sem til hagar á hverju upprekstrarsvæði. Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngunum, og skipa fyrir um, hvernig þeim skal haga. Skulu þeir sjá um, að fjársöfnin sjeu rekin með reglu til rjettar, og kveðja menn til að gæta safnsins, þar til vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnaforingja sínum. Öll óhlýðni gegn skipunum hans varðar sektum.

21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, og hefir þá fjallskilastjóri vald til að kalla til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjárskila. Ef einhver sendir manni í göngur, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna í hans flokki álitur óhæfan sakir æsku, elli, sjónleysis, ókosta eða ills útbúnaðar, er hann skyldur að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent. Borgun fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna; ella renni hún í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, er hlut á að máli.

61

14. júní

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna, og getur eigi útveg- að hann, skal segja fjallskilastjóra frá því 4 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektalaust. En fjallskilastjóri annast um, að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangna- menn á afrjettum, þar sem þess er þörf. Kostnaður, sem af þessu leiðir, greið- ist úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði.

VI. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

24. gr.

Eptir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefnd, hvar aðalrjett skal vera og hvar aukarjett, sömuleiðis undir hverja aðalrjett hver aukarjett heyrir, og ennfremur, hvern afrjett og heimalönd ganga skal til hverrar rjettar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sje ákveðið.

25. gr.

Allir búendur eru skyldir að vinna að byggingu rjetta og viðhaldi þeirra, hver að sínum hluta, eptir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjlaginu eiga nægilegt dilksrúm, hver fyrir sig eða fleiri í samlægum, og eru ábúendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilk- anna og viðhald þeirra eptir rjetttri tiltölu. Ennfremur skulu vera sjerstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fje úr öðrum hreppum, er rjettartjelagið í heild sinni byggir og viðheldur á sinn kostnað, móti því að hlutadeigandi upprekstrarfjelög sýni því aptur sömu skil.

26. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að rjettir sjeu vandlega byggðar og vel við haldið, einnig að allir dilkar við þær sjeu í gildu standi kveldið áður en rjettad er. Vanræki einhver að vinna að rjettar eða dilks byggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á hans kostnað.

27. gr.

Hreppsnefndir kjósa úr sínum flokki duglegan rjettarstjóra við hverja aðalrjett og aukarjett. Rjettarstjóri skal vera kominn til rjettar í tæka tíð hvern rjettardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjárrætti skal naga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er veldur hindrun við rjettarstörfín. Sýni nokkur í rjettinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

28. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa duglegan dilkstjóra fyrir hvert

dilksfelag, til að vera rjettarstjóra til aðstoðar við rjettarstörfin. Dilkstjórar **61**
 skulu gæta þess, að misdráttur eigi sjer ekki stað, og sjá um heimrekstur fjár- 14. júní
 ins frá rjettinni. Enginn má hleypta út úr dilk fyrir en rjettarstjóri leyfir.

29. gr.

Rjettarstjóri annast um, að ómörkuð lömb sjeu hirt í rjettinni og dregin í dilk sjer, svo að eigendum gefist kostur á, að láta lambsmæður helga sjer þau. Enginn má helga sjer marklausa kind af fjárbragði einu. Rjettarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eptir markaskráum í fyrstu sem síðari rjettum, og mega þeir eigi yfirgefa þann starfa, fyr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fje þeirra verði eigi eptir í úrtíningi. Skal að minnsta kosti einn maður úr hverju dilksfelagi vera við, þar til skoðun úrtínings er lokið, og getur hreppsnefnd metið það sem gangnaskil. Þegar búið er að skoða úrtíning í fyrstu rjett, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, koma honum í gæzlu milli rjetta, og telst gæzlan með gangnaskilum.

30. gr.

Í hverri aukarjett skal jafnan rjettað næsta dag á undan aðalrjett þeirri, er hún heyrir undir. Skulu tilkvaddir menn reka úrtíning úr aukarjettinni tafarlaust til aðalrjetta, svo að hann sje þangað kominn, áður fjárdrætti er lokið.

31. gr.

Í fjárrjettum má enginn afmarka fje, nema í vídurvist tveggja valinkunnra manna, og skulu þeir, ef krafizt verður, geta gert grein fyrir, hvaða mark hafi áður á verið.

VII. kaffi.

Um hirðing fjár í utanhreppsrjettum.

32. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri eptir þörfum, til að fara í rjettir og á hreppaskil, svo og til að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfje og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til tjedra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannskíptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara.

33. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fje í rjettum eða á hreppaskilum annara sveita, má eigi fara þaðan, fyr en búið er að skoða úrtíning vandlega eptir markaskráum. Sannist það, að hann láti verða þar eptir fje sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur sjeu.

VIII. kafli.

Um smölun heimalanda á haustum.

34. gr.

Hver búandi er skyldur að smala heimaland sitt á haustum, svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

35. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandsgöngur jafnframt hverjum fjallgöngum, undir umsjón tiltekins manns, með samlögum búanda, eptir því sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við. Allt það geldfje og hross, er fyrir kemur, skal reka skilvíslega til rjettar þeirrar, er því ber að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fjeð skuli ganga, sker sýslunefnd úr því eða oddviti hennar til bráðabirgða.

36. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eptir rjettir á haustin sjeu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eptir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

IX. kafli.

Um fjárrekstra bæja milli.

37. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fje það, er finnst í heimalandi hans, eptir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefnd hefir vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Ef fje er rekið afleiðis í bæjarekstrum eða sleppt er fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skadabótum, nema málsbætur sjeu. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

38. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fje það, er eptir á að verða, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eptir álíti hreppsnefndar.

X. kafli.

Um eptirleitir einstakra manna.

39. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, er hverjum, sem vill, heimilt að gjöra eptirleit á afrjettum á sinn kostnað. Nú finna menn fje í eptirleit,

og eignast þeir þá þriðjung af verði þess eptir mati skipaðra virðingarmanna. Þó **61** getur hlutadeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir samið svo um fyrirfram, að 14. júní. leitarmenn fái helming af verði fjárins. Björgunarlaun þess fjár, sem finnast kann í ógönguklettum, eptir að fjallskilum er lokið, skal hreppsnefnd ákveða.

40. gr.

Fundarlaun fyrir óheimt fje, er finnast í eptirleitum, og björgunarlaun þess fjár, sem finnast í ógönguklettum, greiðist úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heimili. Fyrir heimanað sloppið fje, er finnast í eptirleit, borgar eigandi eptir mati hreppsnefndar.

XI. kafli.

Um meðferð óskilafjár.

41. gr.

Eptir að lokið er töfludrætti í síðustu rjett, skal úrtíning afhenda hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur. Hreppstjóri skal þá með tveim markglöggum og áreiðanlegum mönnum, er hlutadeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp mörk og einkenni á fjenu.

42. gr.

Þá er úrtíningur hefir verið skrásettur, skal hreppstjóri setja hann í tryggja gæzlu. Gæzlukaup má ekki yfirstíga 5 auru fyrir hverja kind um sól-arhring, og skal borgast um leið og eigendur vitja fjárins eða það er afhent til sölu. Almennur söludagur óskilafjár í sýslunni vestan Hjeraðsvatna er ákveðinn þriðjudagurinn í 25. viku sumars og austan Hjeraðsvatna fimmtudagurinn í 26. viku sumars, eða næsti dagur sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Skal þá selja allt óskilafje, er geymt hefir verið frá rjettum, og það sem kemur fyrir fram að söludegi. Sala óskilafjárins skal ávallt fara fram á þingstað hreppsins.

43. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur nje gjaldfræstur. Þó skulu hrútar, sem eptir álitum hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustukindur, seldir með 4 vikna innlausnarfresti eptir söludag og jafnlöngum gjaldfresti, og eru þeir ekki í ábyrgð kaupanda fyr en að innlausnarfresti liðnum.

44. gr.

Ef óskilafje kemur fyrir af fjallöndum eða í heimahögum eptir rjettir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fje eptir markaskrá, skal hreppstjóri hlutast til um, að þeim gefist kostur á að vitja þess. En það fje sem eigi þekkist eða enginn getur helgað sjer, svo sem kal-eyrt fje, eyrnalaust eða marklaust, skal selt við uppboð, er auglýst sje með nægum fyrirvara. Á sama hátt skal fara með fje það, er ekki getur komizt til eiganda eða umráðamanna sökum fjarlægðar.

61

14. júní.

Nú finnst óskilakind í fje manns, eptir að úrtíningur er seldur og fje er almennt tekið til hýsingar. Þekkist kindin og náist til eiganda, skal honum gjört advart um að vitja hennar. Verði að selja slíkt óskilafje, borgast ekkert gæzlu-kaup fyrir það, og ber sá, er það fannst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur sjeu.

46. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafje, er selt hefur verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í blaði, er flytur almennar auglýsingar. Í prentunarkostnað og ómakslaun bera honum 50 aurar fyrir hverja kind, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

47. gr.

Af andvirði óskilafjár þess, er selt verður, borgast:

- a. Gæzlukaup.
- b. Sölulaun og innheimtulaun.
- c. Prentunarkostnaður marklýsinga.
- d. Fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist tjárverðið til eiganda, ef hann innan septemberloka næst á eptir sannar eignarrjett sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð þess hrepps, sem selt er í, eða sveitarsjóði allra hreppa í upprekstrarfjelaginu að rjettri tiltölu við tjárfjölda.

XII. kaffi.

Um hirðingu hrossa á haustum.

48. gr.

Í síðari göngum á haustin skal ásamt sauðfje smala stóðhrossum af af-rjettum og úr heimalöndum, og rjetta þau í síðari rjett á undan fjársundurdrætti. Hreppsnefndir skulu hlutast til um, að hrossum þeim, sem dregin eru í rjettum, sje ekki heimildarlaust sleppt í annara land, og getur hreppsnefnd, ef henni virðist ástæða til, metið heimrekstur hrossanna úr hverju dilksfjelegi sem gangnaskil.

49. gr.

Hross þau, er eptir verða óhirt í síðari rjett, þegar sundurdrætti er lokið, skal afhenda hreppstjóra sem óskilafje eptir reglugjörð þessari. Hreppstjóri skrásetur hrossin eptir lýsingu tvöggja skilríkra manna, er hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið. Skal hann síðan koma hrossunum í tryggja gæzlu, og innan 2 sólarhringa senda hreppstjórum í næstu hreppum nákvæma lýsingu á þeim til birtingar fyrir almenningi. Sje hrossanna ekki vitjast af eigendum, skulu þau seld við hina almennu úrtíningssölu. Óskilahross skulu seljast með 6 vikna innlausnarfresti eptir sölundag, og er gjaldfrestur á söluverðinu einnig 6 vikur. Ekki eru hross í ábyrgð kaupanda fyr en að inn-

lausnarfresti liðnum. Gæzlukaup reiknast, meðan hrossin eru undir hendi geym- **61**
anda eða kaupanda, allt til loka innlausnarfrests, og má ekki yfirstíga 20 auru **14. júní.**
fyrir hvert hross um sólarhring.

50. gr.

I þeim hreppum sýslunnar, þar sem stóðhross eru að mun, skal almenn hrossasmölun fara fram þriðjudaginn fyrsta í vetri eða næsta dag, sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Skulu hrossin rjettuð og dregin í sundur á þeim stað, er hreppsnefnd ákveður og auglýsir fyrirfram. Um óskilahross, er koma fyrir við hina almennu smölun eða í byggð að vetrinum, gilda sömu ákvæði sem um óskilahross í rjettum, þó svo, að gæzlukaup þeirra má ekki yfirstíga 10 auru um sólarhring, nema hrossin komi á hús og hey. Hross þau, sem ekki er vitjað af eigendum, skulu seld við uppboð 3 vikum eptir að þau hafa verið tekin í gæzlu, og skal söludagur tiltekinn í lýsingarskránni.

51. gr.

Finnist óheimt stóðhross á afrjettum eða fjarri byggðum eptir göngur á haustum, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, þar sem finnandi á heima, ákveða fundarlaun eða björgunarlaun, er greiðist úr sveitarsjóði eða fjallskilasjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heimili. Þessu mati má, ef ágreiningur verður, skjóta til sýslunefndar.

XIII. kaffi.

Um fjármörk.

52. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað, þá brennumerkja á hornum. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda að hafa hreppsbrennimark á öllu hyrnu fje. Ef einhver vanrækir að hafa hreppsbrennimark á fje sínu, getur hann eigi krafizt skaðabóta, þó fje hans verði eptir í utanhreppsrjettum eða úrtíningi, eður fari skakka leið í bæjarekstrum. Rjett er, að hver fjáreigandi auðkenni fje sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist, með glöggu merki á höfuð. Vanræki einhver að auðkenna þannig fje sitt, skal hann borga fyrir hverja sína kind, er á afrjettum finnst í eptirleitum, sem heimt væri og heimanað sloppinn.

53. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 5. hvert ár. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúandaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur geta komið fyrir.

61

14. júní.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður en 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir, sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sje með fje þeirra sem óskila-fje, og sæti þar að auki sektum.

XIV. kafli.

Um rekstur á sölufje.

55. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Skal hann geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

56. gr.

Allt fje í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmarki í malir, er sje svo glögg, að það sjáist tilskyndar í björtu, og svo traust, að það máist eigi af, þótt votviðri gangi.

57. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra, úr því farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra, fyr en markljóst er orðið.

58. gr.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endrarnær, er viðstaða verður, telja rekstrarfjed. — Skyldir eru heimamenn eptir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Ber yfirmanni rekstursins að sjá um, að fje það, er saman við hefir komið, komist í áthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

59. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum það að fullu eptir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

60. gr.

61

Yfirmaður sölufjárrekesturs skal annast um, að rekstrarreglum þessum sje 14. júní. hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XV. kafli.

Almenn ákvæði.

61. gr.

Það er stranglega bannað, að svelta fjenað frekara en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt, við fjárrjettir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum og heimalandssmölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

62. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1 til 100 kr., eptir mála-vöxtum, og reyna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

63. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

64. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Skagafjarðar-sýslu um fjallskil o. fl. frá 15. júní 1893 og viðauki við tjeða fjallskilareglugjörð frá 19. júní 1897.

Amtsráð Norðuramtsins 14. júní 1901.

Páll Briem.

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

62

14. júní.

Amtsráðið í Norðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 og lögum 24. nóv. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

sem hefir inni að halda breytingu á fjallskilareglugjörð Húnavatnssýslu 21. júní 1898, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1901.

1. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af